

www.pwc.is

Sveitarfélagið Árborg

Endurskoðunarskýrsla 2018

.....
Apríl 2019



pwc

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar

v.t. Helgi S. Haraldsson, forseti bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2018 er tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sveitarfélagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg víska fáiast um að reikningskilin séu án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í reikningskilunum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð reikningskilanna og mat á framsetningu þeirra í heild.

Í skýrslu þessari fjöllum við almennt um störf okkar við endurskoðun ársreikningsins og niðurstöður hennar. Skýrslan er einungis ætluð bæjarstjórn og bæjarstjóra og er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn.

Endurskoðun byggist m.a. á góðu samstarfi við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins og veittu þau okkur alla þá aðstoð sem við óskuðum eftir og brugðust vel við ábendingum okkar. Við færum þeim okkar bestu þakkir fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllst,

Selfossi, 29. apríl 2019

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ólafur Gestsson

löggtur endurskoðandi

Sveitarfélagið Árborg
PwC

Ólafur Gestsson

Löggtur endurskoðandi

S: 840 3434

Netfang: olafur.gestsson@pwc.com



Elín Jónsdóttir

Löggtur endurskoðandi

S: 893 3435

Netfang: elin.jonsdottir@pwc.com



Efnisyfirlit



Sérstök
umfjöllunarefni
bls. 4

1

Áhættumat og
áherslur
bls. 8

2

Innra eftirlit og
upplýsingatækni
bls. 14

3

Ársreikningur
sveitarfélagsins og
stofnana bls. 17


4

Víðaukar
bls. 28

5

*Sérstök
umfjöllunarefni*

1



1. Sérstök umfjöllunarefni

Niðurstaða endurskoðunar

Fyrir liggur ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2018 sem lagður er fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu þann 30. apríl 2019 og stendur til að árita hann í bæjarstjórn við síðari umræðu og munum við árita hann samhliða því. Álit okkar kemur fram í áritun okkar á ársreikning Sveitarfélagsins Árborgar og er fyrirvaralaust. Í álti okkar kemur fram: „Það er álit okkar að ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2018, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.“

Langtímalán og fjárhagsleg staða sveitarfélagsins

Ársreikningurinn er gerður miðað við grunnforsendur um rekstrarhæfi. Við viljum fjalla hér stuttlega um nokkur atriði tengd fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

a. Heildarskuldir og skuldbindingar. Samkvæmt efnahagsreikningi sveitarfélagsins, A og B hluta, í árslok 2018 nema heildarskuldir og skuldbindingar 12.305,1 mkr. og hafa hækkað um 1.166,6 mkr. frá árslokum 2017.

b. Skuldaviðmið. Samkvæmt gildandi reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga þá skal tryggja að sveitarfélög séu fjárhagslega sjálfbær. Til að ná því markmiði mega heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta í reikningsskilum ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum samkvæmt reikningsaðferðum sem lýst er í reglugerðinni. Skuldaviðmið A og B hluta Sveitarfélagsins Árborgar í árslok 2018 er 122,6% en var 124% í lok árs 2017.

c. Veltufjárhlutfall. Veltufjárhlutfall A og B hluta í árslok 2017 var 0,76 en hefur lækkað í 0,66 í árslok 2018. Veltufjárhlutfall, reiknast sem hlutfall veltufjármuna og skammtímaskulda, kennitalan sýnir hversu líklegt er að sveitarfélagið standi straum af skuldum sem þurfa að greiðast á komandi ári. Venjulega þykir eðlilegt að gera kröfu til þess að hlutfall þetta sé hærra en einn, annars er hætt á að sveitarfélagið geti lent í greiðsluerfiðleikum þar sem veltufé dugir ekki fyrir skammtímaskuldum.

d. Eiginfjárhlutfall. Eiginfjárhlutfall A og B hluta er 28,7% í árslok 2018 en var 27,3% í árslok 2017.

1. Sérstök umfjöllunarefni

Lífeyrisskuldbinding

Áfallin lífeyrisskuldbinding í árslok og breyting á henni á árinu var skoðuð með yfirferð á útreikningum frá tryggingastærðfræðingi. Heildarskuldbinding A og B hluta nam í árslok 2.003,2 mkr. Þar af 110,9 mkr. vegna Selfossveitna. Skuldbindingin hafði hækkað úr 1.956,3 mkr. eða sem nemur 46,9 mkr. en greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga á árinu námu 99,7 mkr.

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Í janúar 2018 samþykkti bæjarstjórn Árborgar samkomulag um uppgjör við Brú og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Framlög vegna Lífeyrisaukaskjóðs og Varúðarsjóðs vegna uppgjorsins eru eingfærð sem fyrirframgreiddur kostnaður. Krafan er gjaldfærð á 20 árum vegna Varúðarsjóðs og 30 árum vegna Lífeyrisauka. Gjaldfærsla ársins 2018 nam 17,8 mkr. Sjá nánar í skýringu nr. 14 í ársreikningi.

Leigubústaðir Árborgar ses.

Ákvörðun var tekin um það að Leigubústaðir Árborgar ses. færu úr samstæðu sveitarfélagsins frá og með 1. janúar 2018. Félagið er rekið sem sjálfstætt félag. Sjá nánar í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og í skýringu nr. 15 í ársreikningi.

Innra eftirlit

Innra eftirlit er skilgreint sem allar þær reglur sem komið er á og aðgerðir sem bæjarstjórn eða stjórnendur viðhafa til þess að tryggja að rekstrarleg markmið eða önnur markmið í starfsemi sveitarfélagsins náist. Traust innra eftirlit einkennist af því að vera vel skilgreint, beinast að tilteknum markmiðum og vera eðlilegur þáttur í reglulegri, daglegri vinnslu á hvaða sviði sem er. Vísað er í kafla 3 hér á eftir varðandi innra eftirlit sveitarfélagsins.

Stjórnsýslukönnun

Í samræmi við 72. gr. sveitastjórnalaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga.“

Þetta var gert meðfram endurskoðuninni ásamt því að farið var sérstaklega yfir hvort bókhald, ársreikningar og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins væri í samræmi við reglugerð nr. 1212/5012 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Við gerum engar athugasemdir við stjórnsýslu sveitarfélagsins en viljum benda á mikilvægi þess að vanda til verka við gerð fjárhagsáætlana og nýta það sem eftirlitstæki með þróun raunkostnaðar.

Einnig var farið yfir reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Farið var yfir skuldahlutfall og skuldaviðmið.

1. Sérstök umfjöllunarefni - staðfestingar og lagabreytingar

Staðfestingar stjórnenda


Stjórnendur munu fyrir undirritun ársreiknings undirrita sérstakt yfirlýsingabréf til að staðfesta ýmsar upplýsingar í tengslum við reikningsskilin sem erfið er að staðfesta með öðrum hætti. Dæmi um slíkt eru ábyrgðarskuldbindingar, málaferli sem geta haft áhrif á reikningsskilin og reikningsliðir sem fylgir sérgreind áhætta varðandi mat og framsetningu í ársreikningi. Afrit af staðfestingabréfi er í viðauka I.

Óhæði

Samkvæmt siðareglum endurskoðenda og lögum um endurskoðendur okkur skylt að staðfesta við ykkur að við séum óháðir endurskoðendur gagnvart sveitarfélaginu. Við höfum með bréfi til bæjarstjóra dags. 3. desember 2018 staðfest að við erum óháðir endurskoðendur gagnvart Sveitarfélaginu Árborg eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um. Engin breyting hefur orðið þar á til dagsins í dag.

Áhættumat og áherslur

2



2. Áhættumat og áherslur

Mat á áhættu og mikilvægi eru grundvallarþættir sem horft er til við skipulagningu og framkvæmd endurskoðunar. Þetta merkir að við beinum sjónum okkar sérstaklega að áhættusömum og verulegum liðum í reikningsskilunum. Leitast er við að skipuleggja endurskoðunina með skilvirkni í huga. Liður í því er að taka mið af eftirlitshverfi félagsins eins og kostur er. Lögð er áhersla á að yfirfara ferla í tengslum við gerð reikningsskilanna og verulega liði innan þeirra, markmið með þessari yfirferð er m.a. að afla upplýsinga um eftirlitsaðgerðir stjórnenda.

Sviksemishætta er einn af þeim þáttum sem horft er til við áhættumat. Sviksemi m.t.t. reikningsskilanna er annað hvort tengd blekkjandi reikningsskilum eða óheimilli ráðstöfun eigna. Við mat á hættunni á sviksemi er almennt horft til þriggja meginþátta sem oftast eru til staðar þegar sviksemi uppgötvast, þeir eru:

- Hvati, viðkomandi aðili/aðilar eru undir þrýstingi eða annarri hvatningu.
- Tækifæri, myndast vegna aðstæðna, t.d. ófullnægjandi eftirlit, ófullnægjandi aðgreining starfa, viðtækar heimildir.
- Viðhorf, viðkomandi aðili/aðilar réttlæta sviksemi, afstaða eða gildi þeirra sem eiga í hlut hjálpa til við að réttlæta óheiðarleika.

Við vekjum athygli á að gengið er út frá þeirri meginforsendu að reikningsskilin séu án rangfærslna vegna sviksemi. Endurskoðun er ekki sviksemisrannsókn. Hlutverk endurskoðandans hvað varðar sviksemi er að öðlast nægjanlega vissu um að reikningsskilin í heild séu án verulegra rangfærslna sem rekja má til sviksemi.

Hættan á að stjórnendur sniðgangi eftirlitsaðgerðir er almennt skilgreind áhætta m.t.t. sviksemi, sama á við um tekjuskráningu.

Verulegir liðir í reikningsskilum eru áhersluþættir í endurskoðun. Við endurskoðun Sveitarfélagsins Árborgar höfum við horft sérstaklega til tekna, launa, rekstrarfjármuna og skulda við lánastofnanir. Þetta eru umfangsmestu liðirnir í reikningsskilunum.

Matskenndir liðir eru einnig sérstakur áhersluþáttur við endurskoðun. Í reikningsskilum Sveitarfélagsins Árborgar er mat á lífeyrisskuldbindingu verulegur matskenndur liður. Aðrir matskenndir liðir eru mat á óinnheimtum skatttekjum og mat á niðurfærslu skammtímakrafna og verðbréfa.

2. Áhættumat og áherslur

Í tengslum við skipulagningu endurskoðunarinnar höfum við skilgreint helstu áhættuatriði. Endurskoðunaraðgerðir taka mið af þessu áhættumati. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit um helstu áhættur, endurskoðunaraðgerðir og niðurstöður endurskoðunarinnar.

Áhættuþáttur	Endurskoðunaraðgerðir	Niðurstaða
Sniðganga stjórnenda gagnvart eftirlitsumhverfi Stjórnendur hafa möguleika á að sniðganga eftirlitsaðgerðir bæði m.t.t. ráðstöfunar eigna og færslna í fjárhagsbókhalda. Vegna eðlis málsins er áhætta vegna þessa skilgreind í tengslum við endurskoðun allra félaga.	<ul style="list-style-type: none">Endurskoðun verulegra færslna, leiðréttinga og óvenjulegra færslnaGreiningaraðgerðir/færsluskoðun, sjá nánar bls. 12 og 13Endurskoðun reikningshaldslegs mats stjórnendaGagnaendurskoðun allra helstu liða reikningsskilanna	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til sniðgöngu stjórnenda gagnvart eftirliti.
Tekjuskráning Hættan á að tekjur séu skráðar án tilvistar eða á röngu tímabili.	<ul style="list-style-type: none">Fara yfir að skatttekjur séu í samræmi við úthlutun ríkisins.Greining á flæði tekjufærslna, sjá nánar bls 12Prófa hvort lotun tekna sé í samræmi við reikningskilareglur	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til að tekjur séu rangar.
Varanlegir rekstrarfjármunir Hætta á rangri skráningu á varanlegum rekstrarfjármunum	<ul style="list-style-type: none">Yfirfara eignfærslur ársinsYfirfara afskriftir ársinsFrankvæma sjálfstæða útreikninga á verðmati lóða og lendna	Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til ofmats varanlegra rekstrarfjármuna.

2. Áhættumat og áherslur

Áhættuþáttur

Skuldir við lánaðstofnanir

Hættan á að langtímaskuldir félagsins séu ekki færðar í samræmi við undirliggjandi samninga.

Endurskoðunaraðgerðir

- Yfirfara lánasamninga
- Utanaðkomandi staðfestingar lánaðstofnana
- Endurútreikningur verðbóta í árslok
- Greiningaraðgerðir vaxtagjalda

Niðurstaða

Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til fráviks vegna skulda við lánaðstofnanir.

Lífeyrisskuldbinding

Hættan á vanmati lífeyrisskuldbindingar.

- Beint fyrirspurnum til tryggingarstærðfræðings
- Forsendur útreikninga skoðaðar
- Greiðslur ársins skoðaðar

Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til að lífeyrisskuldbinding sé vanmetin.

Laun

Hætta á að laun séu ekki færð í samræmi við undirliggjandi samninga.

- Launakerfi yfirfarið
- Samþykktarferli launa yfirfarið
- Gagnaendurskoðun launakostnaðar

Endurskoðun okkar hefur ekki leitt í ljós atriði sem benda til að laun séu rangt færð.

2. Áhættumat og áherslur Tekjuskráning, niðurstaða greininga

Endurskoðun rekstrartekna, greining á tekjuflæði

Hluti af endurskoðun okkar á tekjum Sveitarfélagsins Árborgar er framkvæmd með prófunum á heildartekjuflæði félagsins. Áður en prófun er framkvæmd er eðlilegt flæði tekjufærslna skilgreint með aðstoð stjórnenda. Allar færslur sem ekki fara hina hefðbundnu leið eru skilgreindar óhefðbundnar og teknar til sérstakrar skoðunar ef um verulegar fjárhæðir er að ræða.

Flæði færslanna er síðan rakið á viðeigandi efnahagslykla, í flestum tilfellum viðskipta- og aðrar skammtímakröfur, og þaðan á handbært fé. Þessi greining veitir umtalsverða vissu fyrir tekjuskráningu sveitarfélagsins og nær yfir mun stærri hluta af heildarfærslufjölda heldur en hefðbundin gagnaeendurskoðun.

Eins og meðfylgjandi mynd sýnir þá er mikill meirihluti tekna skilgreindur sem hefðbundnar tekjufærslur á milli tekjulykla og viðskiptakrafna eða 93,19% heildarfærslna. Óhefðbundar færslur sem greindar voru námu samtals 791,2 mkr. sem útskýrist einna helst af tekjufærslum vegna innri viðskipta.

Greiningin sýnir þó að þrátt fyrir að færslur séu hefðbundnar eru þær myndaðar af verulegum debet- og kreditstöðum, sem gefur til kynna að flækjustig í færslum er talsvert.

Næsta skref greiningarinnar er að greina flæði færslna frá viðskipta- og öðrum skammtímakröfum á mótþókkun sem í flestum tilfellum ætti að vera uppgjör á viðskipta- og öðrum skammtímakröfum með handbæru fé.

Tekjur	
Debet	Kredit
41.437.029,926 kr.	(53.057.952.341) kr.
Nettó (11.620.922.415) kr.	
Hlutfall 100%	

Hefðbundnar	
Debet	Kredit
40.974.976,432 kr.	(51.804.697,639) kr.
Nettó (10.829,721,207) kr.	
Hlutfall 93,19%	

Óhefðbundnar	
Debet	Kredit
11.220.875 kr.	(802.422.083) kr.
Nettó (791.201.208) kr.	
Hlutfall 6,81%	

Hjá Sveitarfélaginu Árborg hafa um 93,19% tekna hefðbundið uppgjör með handbæru fé. Færslur sem uppgjör nettast ekki á móti handbæru fé eru m.a. reiknuð innri vinna, innborganir á bankakreikninga sem ekki eiga sér mótfærslu á viðskiptakröfum, svo sem lán og arður frá eigin stofnunum.

Við prófun okkar kom því ekkert í ljós sem bendir til að tekjur sveitarfélagsins séu ranglega færðar.

2. Áhættumat og áherslur Greiningar á gagnasafni í heild

Eðlislæg sviksemisáhætta - Sniðganga stjórnenda gagnvart innra eftirliti og innlausn tekna


Í allri starfsemi er hættu á verulegum skekkjum vegna rangra eða sviksamlegra færslna. Eðlislæg áhætta vegna hættunnar á sniðgöngu stjórnenda gagnvart eftirlitsumhverfi er skilgreind sem veruleg áhætta í tengslum við endurskoðun allra félaga samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum.

PwC hefur þróað greiningaraðgerðir sem byggja á gagnasafninu í heild til þess að mæta eðlislægri sviksemisáhættu. Greiningar á færslum hjá Sveitarfélaginu Árborg tóku mið af áhættumati okkar og snéru m.a. að:

- Verulegum fjárhæðum
- Tímasetningum
- Óvenjulegum fjárhæðum

*Innra eftirlit og
upplýsingatækni*

3



3. Innra eftirlit og upplýsingatækni

Innra eftirlit

Í tengslum við endurskoðun okkar öflum við skilnings á innra eftirliti sveitarfélagsins, sér í lagi um þá liði sem tengjast mikilvægum fjárhagsferlum og reikningskil sveitarfélagsins byggja á. Innra eftirlit er skilgreint sem allar þær reglur sem komið er á og aðgerðir sem stjórn eða stjórnendur viðhafa til þess að tryggja að rekstrarleg markmið eða önnur markmið í starfsemi hveirrar rekstrareiningar náist. Traust innra eftirlit einkennist af því að vera vel skilgreint, beinast að tilteknum markmiðum og vera eðlilegur þáttur í reglulegri, daglegri vinnslu á hvaða sviði sem er.

Eftirlitsaðgerðir

Við höfum leitat við að afla gagna um skráða fjárhagsferla, áhættumat stjórnenda og eftirlitsaðgerðir til að mæta skilgreindri áhættu. Við höfum séð að talsvert er til af skráningum verkþátta og eftirlitsaðgerðir eru virkar á mörgum sviðum. Þó vantar nokkuð upp á að til sé skjalað mat á hættunni á rangfærslum og að eftirlitsaðgerðir séu skilgreindar til þess að mæta greindum áhættum. Gæta þarf formfestu í framkvæmd allra skilgreindra lykileftirlitsaðgerða þannig að hægt sé að staðfesta að þær hafi verið framkvæmdar.

Aðgreining starfa

Við viljum vekja sérstaklega athygli stjórnenda á áhættunni sem fylgir því að hafa ekki fulla aðgreiningu starfa í tengslum við meðferð fjármuna og bókhalds sveitarfélagsins.

3. Innra eftirlit og upplýsingatækni

Upplýsinga- og öryggismál

Hluti af endurskoðun okkar hjá Sveitarfélaginu Árborg fyrir árið 2018 var að kanna umhverfi innra eftirlits upplýsingakerfa. Eftirlitsþættir í upplýsingaumhverfi hjá sveitarfélögum skipta verulegu máli við framkvæmd endurskoðunar.

Markmið okkar er meðal annars að skoða hvort hægt sé að reiða sig á eftirlitsþætti í upplýsingaumhverfi félagsins og afla þannig nægjanlegrar vissu um áreiðanleika fjarhagslegra upplýsinga sem byggja á upplýsingakerfum. Þannig er mögulegt að draga úr gagnaendurskoðun og treysta í auknum mæli á eftirlitsþætti í kerfunum.

Markmið tölvuendurskoðunar er einnig að veita stjórnendum hóflega vissu fyrir því að fyrirtæki hafi skilvirkar eftirlitsaðgerðir í tölvuumhverfi félagsins.

Breytingastjórnun

Við endurskoðun okkar á tölvuumhverfi sveitarfélagsins beittum við fyrirspurnum til tölvudeildar Sveitarfélagsins Árborgar varðandi breytingar á tölvuumhverfi á árinu 2018. Við leggjum áherslu á að sveitarfélagið hafi eftirlit með breytingastjórnun sem þjónustuaðilar hafa umsjón með.


Aðgangsheimildir

Hluti af endurskoðun okkar er að fara yfir aðgangsstýringar í kerfum. Við fengum lista yfir notendur í bókhaldskerfi sveitarfélagsins og fórum við yfir hann með tilliti til aðgreiningar starfa og starfslýsinga notenda.

Við bendum á mikilvægi þess að skilgreina aðgangsheimildir með tilliti til starfssviðs notenda til að draga úr áhættu á óeðlilegum færslum.

*Ársreikningur
sveitarfélagsins
og stofnana*

4



Heildaryfirlit um rekstur ársins 2018

	Fjárhæðir í þús.kr.			
	Niðurstaða	Áætlun 2018	Frávik frá áætlun	Niðurstaða 2017
Aðalsjóður:				
Skatttekjur	7.063.480	6.843.948	219.532	6.393.197
Félagsþjónusta	(915.463)	(1.065.994)	150.531	(763.293)
Fræðslu- og uppeldismál	(4.130.647)	(3.971.515)	(159.133)	(3.724.431)
Meningarmál	(204.031)	(211.691)	7.660	(173.755)
Æskulýðs- og íþróttamál	(733.114)	(726.681)	(6.432)	(640.750)
Brunamál og almannavarnir	(116.767)	(117.840)	1.073	(113.311)
Hreinlætismál	(35.650)	(22.080)	(13.570)	(49.093)
Skipulags- og byggingarmál	(247.652)	(209.698)	(37.954)	(191.643)
Umferðar- og samgöngumál	(293.226)	(288.571)	(4.655)	(261.442)
Umhverfismál	(140.193)	(173.511)	33.318	(140.637)
Atvinnumál	(33.110)	(43.967)	10.857	(45.754)
Sameiginlegur kostnaður	(336.906)	(293.688)	(43.218)	(462.431)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(42.199)	(82.415)	40.216	7.324
Fjármagnsliðir	271.358	282.867	(11.509)	288.869
Aðalsjóður samtals	105.880	(80.836)	186.716	122.852

Heildaryfirlit um rekstur ársins 2018

	Fjárhæðir í þús.kr.			
	Niðurstaða	Áætlun 2018	Frávik frá áætlun	Niðurstaða 2017
Eignasjóður	123.476	199.996	(76.520)	124.890
Þjónustumiðstöð	(44.447)	(29.645)	(14.802)	(43.432)
Fasteignafélag Árborgar	(233.850)	(166.424)	(67.426)	(190.265)
Verktækni ehf	(1.011)	3.808	(4.819)	1.925
Bæjarsjóður samtals	(49.951)	(73.100)	23.149	15.970
Byggingasjóður aldraðra	(27.379)	(18.226)	(9.153)	(21.797)
Leigubústaðir Árborgar ses				(8.358)
Fráveita	157.246	252.284	(95.039)	180.097
Vatnsveita	109.175	128.157	(18.982)	90.709
Selfossveitur bs.	44.265	37.980	6.285	53.253
Sandvíkursetur ehf	(38.599)	(26.531)	(12.068)	(27.020)
Sjóðir í B-hluta samtals	244.707	373.664	(128.957)	266.884
Samantekin reikningskil samtals	194.756	300.564	(105.808)	282.854

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

- Samantekinn ársreikningur bæjarsjóðs (A-hluti) og samantekinn reikningsskil A og B hluta eru gerð með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra fyrirtækja og stofnana en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum og skuldum er eytt. Í sundurlíðunum með ársreikningi má sjá í millifærsludálkum hvernig þessir liðir koma fram.
- Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs (A hluta) var neikvæður um 50 mkr. í samanburði við áætlun um neikvæða niðurstöðu að fjárhæð 73,1 mkr. Hagstæð frávik eru 23,1 mkr.
- Skatttekjur eru hærri en áætlun sem nemur 190,3 mkr. og munar þar mestu um að útsvarið var um 228,2 mkr. yfir áætlun en álögð fasteignagjöld og greiðslur frá Jöfnunarsjóði eru 39 mkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Aðrar rekstrartekjur eru 138,9 mkr. yfir áætlun. Laun og launatengd gjöld eru 40,4 mkr. yfir áætlun, þar munar mestu um greiðslu til Brú lífeyrissjóðs að fjárhæð 17,8 mkr og lífeyrisskuldbinding er 58 mkr. lægri en áætlun. Annar rekstrarkostnaður er 157 mkr. yfir áætlun. Fjármagnsliðir eru 122,5 mkr. yfir áætlun.
- Í skýringu nr. 5 í ársreikningi eru sýndar tekjur málaflökka að frádrögnum gjöldum og niðurstaðan borin saman við áætlun.
- Útgjöld umfram tekjur í málaflökkum Aðalsjóðs án fjármagnsliða nema 7.229 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir að rekstur málaflökkanna myndi taka til sín 7.207,7 mkr.
- Helstu frávik í málaflökkunum eru:
 - Félagsþjónustan er 150,5 mkr. undir áætlun.
 - Fræðslu- og uppeldismál fara 159,1 mkr. yfir áætlun.
 - Menningarmál eru 7,7 mkr. undir áætlun.
 - Æskulýðs- og íþróttamál fara 6,4 mkr. yfir áætlun.
 - Hreinlætismál eru 13,6 mkr. yfir áætlun.
 - Skipulags- og byggingarmál eru 38 mkr. yfir áætlun.
 - Umferðar- og samgöngumál eru 4,7 mkr. yfir áætlun.
 - Umhverfismál eru 33,3 mkr undir áætlun.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

- Atvinnumál eru 10,9 mkr. undir áætlun.
- Sameiginlegur kostnaður fer 43,2 mkr. yfir áætlun.
- Breyting lífeyrisskuldbindingar var 40,2 mkr. undir áætlun.
- Fjármagnsliðir Aðalsjóðs eru 11,5 mkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Afkoma Aðalsjóðs er jákvæð um 105,9 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir að halli Aðalsjóðs næmi 80,8 mkr. Hagstæð frávik í rekstri Aðalsjóðs eru þ.a.l. 186,7 mkr.

• Afkoma A hluta stofnana er 163,6 mkr. óhagstæðari en áætlun. Rekstur Eignasjóðs er óhagstæðari en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 76,5 mkr. Afkoma Þjónustumiðstöðvar er óhagstæðari en áætlun sem nemur 14,8 mkr. og rekstur Fasteignafélags Árborgar er 67,4 mkr. verri en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstur Verktækni ehf. er óhagstæðari en áætlun sem nemur 4,8 mkr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 194,8 mkr. sem er 105,8 mkr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir.

- Frávik B hluta félaga eru óhagstæð um 129 mkr.
- Frávik í Byggingasjóði aldraðra eru óhagstæð um 9,2 mkr.
- Frávik í Fráveitu eru óhagstæð um 95 mkr.
- Frávik í Vatnsveitur eru óhagstæð um 19 mkr.

• Selfossveitur bs. Sýna betri afkomu en áætlun gerði ráð fyrir sem nemur 6,3 mkr.

- Afkoma Sandvíkurseturs var neikvæð um 38,6 mkr. sem er 12,1 mkr. lakari niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun.
- Þær breytingar sem gerðar hafa verið á framsetningu samstæðuársreiknings eru að arður sem Fráveita, Vatnsveita og Selfossveitur bs. greiða til aðalsjóðs eru nú færður til gjalda í stað þess að færa hann í gegnum eigið fé. Því lækkar rekstrarniðurstaðan um 180 mkr. Með þessum breytingum fæst betri mynd af eiginlegum rekstri sveitarfélagsins. Samanburðarfrárhæðum ársins 2017 hefur verið breytt.

Í áltiti nr. 2/2010 frá reikningsskila- og upplýsinganefnd er sveitarfélagum nú orðið skylt að meta þær lóðir og lendur í eigu sveitarfélagsins sem það hefur leigutekiur af og færa til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs. Lóðir og lendur skulu færðar til eignar í efnahagsreikningi Eignasjóðs meðal varanlegra rekstrarfjármuna og skal mótfærslan vera á eiginfjárreikning sjóðsins. Lóðir og lendur skulu endurmetnar með reglubundnum hætti og skulu allar verulegar verðmatsbreytingar vegna þessa endurmats færðar á eiginfjárreikning.

Í ársbyrjun 2018 er endurmat lóða og lendna Sveitarfélagsins Árborgar 2.791,6 mkr. sem fært er undir fasteignir og lóðir meðal fastafjármuna. Lóðir og lendur voru endurmetnar á árinu 2018 og var endurmat að upphæð 542,7 mkr. fært á endurmatsreikning meðal eigin fjárs. Bólkfært verð lóða og lendna nemur því 3.334,3 mkr. í árslok 2018.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

Rekstur A og B hluta skilaði 1.092,3 mkr. í veltufé frá rekstri sem er 11,9% af heildartekjum. Áætlun gerði ráð fyrir að veltufé frá rekstri yrði 1.050,2 mkr. eða 12% af áætluðum heildartekjum.

Handbært fé frá rekstri var 872,3 mkr. en það er 26,7 mkr. hærri fjárhæð en áætlun gerði ráð fyrir. Þessi stærð er mjög mikilvæg þar sem hún sýnir þá peningamyndun sem varð hjá sveitarfélaginu á árinu. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að þessi stærð sé hærri en nettó greiðslubyrði langtímalíða til þess að samstæðan þurfi ekki að fjármagna rekstur eða endurgreiðslu lána með nýju lánsfé eða sölu eigna. Afborganir og uppgreiðslur langtímalána og lífeyrisskuldbindinga á árinu námu 839,5 mkr.

Fjárfestingar ársins námu 1.916,1 mkr. til samanburðar við áætlun að fjárhæð 1.919 mkr.

Fjárfestingar ársins hjá Eignasjóði námu 929,9 mkr. Þær helstu voru framkvæmdir við Austurveg 51 sem námu 524,2 mkr., Vallaskóli að fjárhæð 333,7 mkr. og við hjúkrunarheimili að fjárhæð 33,9 mkr.

Fjárfest var í áhöldum og tækjum fyrir Þjónustumiðstöð að fjárhæð 23,3 mkr.

Fasteignafélag Árborgar slf. fjárfesti fyrir 225,3 mkr. á árinu. Rúmlega 208 mkr. fóru í Sunnulekjarskóla.

Fjárfestingar Fráveitu námu 160,3 mkr., í Vatnsveitu 41,5 mkr. og framkvæmdir hjá Selfossveitum námu 535,9 mkr.

Fjármögnunarahreyfingar ársins voru jákvæðar um 1.265,8 mkr. til samanburðar við jákvæða niðurstöðu samkvæmt fjárhagsáætlun að fjárhæð 1.235,5 mkr. samkvæmt áætlun. Lántaka ársins nam 2.088,1 mkr.

Skuldahlutfall samantekinna reikningsskila nemur 134,5% í árslok 2018 en útreikningur skv. reglugerð 502/2012 gefur skuldaviðmið 122,6%. Samkvæmt þessu stenst sveitarfélagið kröfu reglugerðarinnar um hlutfall undir 150%.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

B-hluti

Byggingasjóður aldraðra	Niðurstaða		Áætlun		Frávik frá áætlun		Fjárhæðir í þús.kr
	2018		2018		2018		
	2018	2017	2018	2018	2018	2017	
Rekstrartekjur	34.915		40.996		(6.081)		31.400
Rekstrargjöld án afskrifta	(28.569)		(27.627)		(942)		(24.328)
Afskriftir	(7.729)		(7.927)		198		(7.926)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	(1.383)		5.442		(6.825)		(854)
Fjármagnsliðir	(25.996)		(23.668)		(2.328)		(20.943)
Rekstrarniðurstaða	(27.379)		(18.226)		(9.153)		(21.797)

Rekstur Byggingasjóðs aldraðra var neikvæður um 27,4 mkr. á árinu 2018. Samkvæmt sjóðstreymi þá er veltufé frá rekstri neikvætt um 11,6 mkr. Æskilegt er að þessi fjárhæð sé jákvæð og nemi að minnsta kosti þeirri fjárhæð sem greiða þarf af langtímalánum svo ekki þurfi að auka lántökur vegna þeirra. Afborganir af langtímalánum á árinu námu 7,1 mkr.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

B-hluti

Fráveita	Niðurstaða		Áætlun		Frávik frá áætlun		Niðurstaða	
	2018	2018	2018	2018	2018	2018	2017	
Rekstrarteikir	312.098	331.900	(19.802)	300.848				
Rekstrargjöld án afskrifta	(66.236)	(66.006)	(230)	(45.120)				
Afskriftir	(24.745)	(41.098)	16.353	(22.661)				
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	221.117	224.796	(3.679)	233.067				
Fjármagnsliðir og arður til aðalsjóðs	(63.871)	27.488	(91.359)	(52.970)				
Rekstrarniðurstaða	157.246	252.284	(95.038)	180.097				

Fjárhæðir í þús.kr

Rekstur Fráveitu var jákvæður um 157,2 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 252,3 mkr. hagnaði, mestu munar þar um breytta framsetningu þar sem arður til aðalsjóðs að fjárhæð 94,1 mkr. er nú færður til gjalda. Veltufé frá rekstri er 279,6 mkr. Afborganir langtímaskulda Fráveitunnar námu 52 mkr. á árinu og fjárfestingar ársins námu 160,3 mkr. Krafa Fráveitunnar á Aðalsjóð lækkaði um 47 mkr. á árinu.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

B-hluti

Vatnsveita	Fjárhæðir í þús.kr		
	Niðurstaða	Áætlun	Frávik frá áætlun
	2018	2018	2018
Rekstrartekjur	281.950	236.400	45.550
Rekstrargjöld án afskrifta	(95.622)	(101.676)	6.054
Afskriftir	(20.288)	(28.255)	7.967
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	166.040	106.469	59.571
Fjármagnsliðir og arður til aðalsjóðs	(56.865)	21.688	(78.553)
Rekstrarniðurstaða	109.175	128.157	(18.982)
			2017
			242.473
			(85.018)
			(18.759)
			138.697
			(47.987)
			90.709

Rekstur Vatnsveitu var jákvæður um 109,2 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 128,2 mkr. hagnaði, mestu munar þar um breytta framsetningu þar sem arður til aðalsjóðs að fjárhæð 70,2 mkr. er nú færður til gjalda. Samkvæmt sjóðstreymi var veltufé frá rekstri 199,6 mkr. Fjárfestingar ársins voru 41,5 mkr. og krafa Vatnsveitunnar á Aðalsjóð hækkaði um 82,3 mkr.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

B-hluti

Selfossveitur bs	Niðurstaða		Áætlun		Frávik frá áætlun		Niðurstaða	
	2018	2018	2018	2018	2018	2017	2017	
Rekstrartekjur	786.893	649.522	137.371	681.476				
Rekstrargjöld án afskrifta	(536.810)	(463.538)	(73.272)	(457.390)				
Afskriftir	(87.597)	(97.899)	10.302	(65.252)				
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	162.486	88.085	74.401	158.834				
Fjármagnsliðir og arður til aðalsjóðs	(91.539)	(40.838)	(50.701)	(75.617)				
Reiknaður tekjuskattur	(26.683)	(9.267)	(17.416)	(29.964)				
Rekstrarniðurstaða	44.264	37.980	6.284	53.253				

Fjárhæðir í þús.kr

Rekstur Selfossveitna bs. var jákvæður um 44,3 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 38 mkr. hagnaði. Arðgreiðslur til aðalsjóðs eru nú færðar til gjalda á meðal fjármagnsliði, en arðgreiðsla ársins nam 38,3 mkr. Samkvæmt sjóðstreymi var veltuifé frá rekstri 217 mkr. Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar um 556,2 mkr. og fjármögnunarahreyfingar voru jákvæðar um 239,7 mkr., þar sem lántaka ársins nam 180 mkr. Skuld Selfossveitna við Aðalsjóð hækkaði á árinu um 135,6 mkr.

Ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana

B-hluti

Sandvíkursetur ehf	Niðurstaða		Frávík frá áætlun		Niðurstaða
	2018	2018	2018	2017	
Rekstrartekjur	20.719	20.501	218	20.304	
Rekstrargjöld	(14.709)	(11.327)	(3.382)	(10.983)	
Afskriftir	(9.844)	(9.488)	(356)	(9.636)	
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(3.833)	(314)	(3.519)	(316)	
Fjármagnsliðir	(34.765)	(26.217)	(8.548)	(26.704)	
Rekstrarniðurstaða	(38.599)	(26.531)	(12.068)	(27.020)	

Rekstur Sandvíkurseturs ehf. var neikvæður 38,6 mkr. á árinu 2018. Samkvæmt sjóðstreymi var veltufé frá rekstri neikvætt um 22,5 mkr. Engar fjárfestingar voru á árinu 2018. Æskilegt er að veltufé frá rekstri nemi að lágmarki þeirri fjárhæð sem greiða þarf af langtímalánum svo ekki þurfi að auka lántökur vegna afborgana. Á árinu voru greiddar afborganir að fjárhæð 13,3 mkr. Í árslok er eigið fé félagsins neikvætt um 238,2 mkr.

Vidaukar

I: Staðfestingabréf stjórnenda bls. 28-33

5

Viðauki I: Staðfestingabréf stjórnenda, afrit

PricewaterhouseCoopers ehf.
Austurvegi 56
800 Selfoss

Endurskoðandi: Ólafur Gestsson

15. maí 2019

Staðfestingabréf þetta er lagt fram í tengslum við endurskoðun ykkar á ársreikningi Sveitarfélags Árborgar fyrir tímabilið 1.1.2018 - 31.12.2018

Markmið endurskoðunar ykkar er að láta í ljós álit á því hvort ársreikningur Sveitarfélags Árborgar gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu, efnahag þess í lok ársins og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum eftir að hafa gert nauðsynlegar fyrirspurnir til að fullvissa okkur um að:

Ársreikningur

- Við höfum uppfyllt skyldur okkar, samanber ákvæði í ráðningarbrefi dags. 3. desember 2018, til að tryggja að ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar sé í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og þá sérstaklega að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu, efnahag og breytingu á handbæru fé.
- Öll viðskipti hafa verið færð í bókhald og endurspeglast í ársreikningnum.
- Mikilvægar forsendur sem eru notaðar af okkur við reikningshaldslegt mat, þar með talið mat á gangvirði, eru við hæfi.
- Gætt hefur verið eðlilegrar varúðar við mat á einstökum liðum reikningsskilanna með tilliti til þekkrar tapsáhættu sem tengist viðskiptum innan tímabilsins eða stöðu á reikningsskiladegi. Þetta á sérstaklega við um mat stjórnsenda á niðurfærslu viðskiptakrafna.

Tekið hefur verið tillit til allra atburða eftir lok reikningsskiladags sem kalla á leiðréttingar og/eða skýringar í ársreikningi samkvæmt lögum um ársreikninga og settum reikningsskilareglum.

Sveitarfélagið Árborg
PwC

apríl 2019
30

- Sveitarfélagið hefur staðið við og upplýst um alla gerða samninga sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir reikningsskilin samkvæmt lögum og settum reikningsskilareglum.
- Sveitarfélagið hefur uppfyllt ákvæði skattalaga og allar skattskuldbindingar sem af því leiða koma fram í reikningsskilunum. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að brot á skattalögum geti leitt til frekari skuldbindinga eða kostnaðar.
- Áhrif óleiðrétttra mismuna á ársreikninginn, sem fram komu við endurskoðunina, bæði að hluta og í heild, eru óverulegir og hafa ekki áhrif á glögga mynd reikningsskilanna. Sjá viðhengi nr. 1.
- Félagið er iögformlegur eigandi allra eigna sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi og á þeim hvíla engin veðbönd eða aðrar kvaðir umfram það sem fram kemur í ársreikningnum.
- Leiðréttingar á verulegum skekkjum fyrri tímabila sem hafa áhrif á samanburðarupplýsingar í ársreikningnum hafa verið færðar og upplýst um þær í samræmi við kröfur laga um ársreikninga og settra reikningsskilarreglna ef við hefur átt.
- Í ársreikningi koma fram allar upplýsingar sem okkur er kunnugt um og skipta máli við mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins, þar með talið allar aðstæður, atburðir, og framtíðaráform félagsins sem geta haft verulega þýðingu. Sveitarfélagið hefur einnig ásetning og getu til að gripa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi ef við á.
- Allar skuldir og skuldbindingar félagsins gagnvart þriðja aðila þar með talið hvers konar afleiðusamningar og áhrif þeirra se m telja má verulegar koma fram í ársreikningnum.

Upplýsingagjöf

- Við höfum veitt ykkur:
 - Aðgang að öllum fjárhagsupplýsingum og öðrum gögnum sem varða reikningsskilin og eru mikilvæg við gerð þeirra.
 - Viðbótarupplýsingar sem þið hafið óskað eftir vegna endurskoðunarinnar.
 - Óheftan aðgang að starfsmönnum sveitarfélagsins vegna öflunar endurskoðunargagna.

Sviksemi og fylgni við lög og reglur

- Okkur er ljóst að stjórnendur sveitarfélagsins bera ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti til þess meðal annars að koma í veg fyrir og leiða í ljós sviksemi.
- Við höfum gert ykkur grein fyrir niðurstöðu á mati okkar á þeirri hættu að á reikningsskilunum séu verulegir annmarkar vegna sviksemi.
- Við höfum upplýst ykkur um alla þá vitneskju eða grun sem við kunnum að hafa um sviksemi sem gæti haft veruleg áhrif á sveitarfélagið eða reikningsskil þess og snerta stjórn, stjórnendur og starfsmenn sem gegna mikilvægu hlutverki í innra eftirliti.
- Við höfum gert ykkur grein fyrir allri vitneskju sem við höfum fengið frá núverandi og fyrrverandi starfsmönnum, greiningaraðilum, eftirlitsaðilum eða öðrum aðilum um ásakanir eða grun um sviksemi sem gætu haft veruleg áhrif á reikningsskil sveitarfélagsins.
- Við höfum upplýst ykkur um öll þekkt brot á lögum og reglum sem varða sveitarfélagið, eða grun um slík brot, og íhugað áhrif þeirra við gerð ársreikningsins.

Viðskipti við tengda aðila

- Við höfum upplýst ykkur um alla tengda aðila sveitarfélagsins, í hverju tengslin eru fölgin og öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila sem okkur er kunnugt um.
- Skýrt hefur verið frá öllum tengdum aðilum og öllum viðskiptum sveitarfélagsins við þá og gerð grein fyrir þeim í samræmi við kröfur laga um ársreikninga og settra reikningsskilarreglna.

Málaferli og skuldbindingar

- Við höfum upplýst ykkur um öll yfirstandandi og möguleg málaferli og kröfur á hendur sveitarfélaginu, sem við höfum vitneskju um, og gætu haft áhrif á ársreikninginn. Áhrif þeirra ef við á hafa verið færð í reikningsskilin og skýrt frá þeim í samræmi við kröfur laga um ársreikninga og settra reikningsskilareglna.

Bæjarstjóri
Sveitarfélagsins Árborgar

Fjármálastjóri
Sveitarfélagsins Árborgar



© 2017 PricewaterhouseCoopers ehf. All rights reserved. In this document, "PwC" refers to the PricewaterhouseCoopers ehf, which is a member firm of PricewaterhouseCoopers International Limited. Each member firm is a separate legal entity. Please see www.pwc.com/structure for further details.